

Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi Rifóss hf.,

vegna fiskeldis í Innra-Lóninu, Kelduhverfi og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim, sem og aðrar breytingar frá auglýstri tillögu

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 16. júní til 11. ágúst 2011. Tillagan lá frammi á skrifstofu Norðurþings á sama tíma.

Auk opinberrar auglýsingar var tillagan sérstaklega send til umsagnar til Rifóss hf., Hafrannsóknastofnunarinnar, Skipulagsstofnunar, Fiskistofu, Norðurþings og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Húsavíkurdeildar.

Ein athugasemd kom við tillögu að starfsleyfi Rifóss hf. á auglýsingatíma og kom hún frá Skipulagsstofnun. Eftir að auglýsingatíma lauk komu fram athugasemdir frá rekstraraðila. Ekki var talin ástæða til annars en að fjalla einnig efnislega um þær.

- a. Skipulagsstofnun taldi í athugasemd sinni að tillagan væri í samræmi við þá framkvæmd sem fjallað hefði verið um í ákvörðun um matsskyldu. Stofnunin benti þó á að framkvæmdin þyrfti að vera í samræmi við skipulag.
 - Umhverfisstofnun tók þá ákvörðun að fresta útgáfu starfsleyfisins á meðan að verið væri að fara yfir skipulagsmál Rifóss hf.
 - Útgáfa starfsleyfisins er af þessum ástæðum seinna á ferðinni en vera hefði átt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
 - Umhverfisstofnun aflaði upplýsinga frá Norðurþingi um stöðu rekstraraðila gagnvart skipulagi. Í svörum sveitarfélagsins kom fram að starfsemin er á ódeiliskipulögðu svæði. Í samræmi við framkvæmd stofnunarinnar var óskað eftir því við sveitarfélagið að það tilgreindi hvort gefið hefði verið út byggingarleyfi. Í svari byggingarfulltrúa kemur fram að ekki finnist í gögnum sveitarfélagsins formlegt byggingarleyfi vegna framkvæmdarinnar. Er tilgreint sem hluti skýringar mögulegur misbrestur á formlegri framkvæmd fyrir sameiningu sveitarfélaga á svæðinu.
 - Í svari sveitarfélagsins er hins vegar staðfest að starfsemin hafi árum saman verið til staðar í sátt við viðkomandi sveitarfélag. Þá sé gert ráð fyrir fiskeldi á viðkomandi svæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins.
 - Í ljósi þess að um er að ræða útgáfu leyfis fyrir rekstur sem áður hefur haft leyfi fyrir sinni starfsemi (endurnýjun) og að fulltrúi sveitarfélagsins hefur staðfest heimild rekstursins til starfsemi, auk þess sem aðalskipulag rennir stöðum undir það, hefur

Umhverfisstofnun ákveðið að láta yfirlýsingu sveitarfélagsins duga í stað afrits af gildandi deiliskipulagi við útgáfu þessa starfsleyfis.

- b. Rifós hf. gerði athugasemd við að Umhverfisstofnun myndi alfarið banna notkun á koparoxíð-blönduðum lit vegna ásætuvarna á eldisnótum. Einnig óskaði fyrirtækið eftir því að framleiðsluheimild yrði skilgreind þannig að heimilað yrði eldi á allt að 1000 tonnum á ári af eldisfiski, bleikju og laxi, þar af allt að 600 tonnum af laxi. Rekstraraðili benti þar sérstaklega á að bleikja væri ekki framandi tegund í íslensku umhverfi.
- Umhverfisstofnun hefur endurskoðað ákvæði um að ekki sé heimilt að nota koparlitaðar eldisnætur.
 - Rekstraraðila verður skylt að vakta koparinnihald lónsins, sbr. ákvæði þess efnis í grein 5.1 í starfsleyfinu ef heimildin verður notuð.
 - Stofnunin heldur hins vegar fast við þá ákvörðun að eigin litun Rifóss hf. á bakka lónsins, skuli leggjast af.
 - Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur aldrei veitt heimildir fyrir þessari framkvæmd og að síðast var hún tilgreind sem frávik frá heimildum í reglugerð í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar vegna eftirlits þann 14. desember 2011. Starfsemin er því án tilskilinna leyfa.
 - Við ákvörðunina um koparnotkun tekur Umhverfisstofnun tillit til þess að mun minni mengun er líkleg frá notkun nótanna en frá eigin litun á nótunum. Mengunin mun því nær örugglega minnka og betur verður fylgst með henni. Verði mengun vegna þessi meiri en gert er ráð fyrir er hefur Umhverfisstofnun (skv. grein 1.7) úrræði til að krefjast úrbóta.
 - Varðandi athugasemd um framleiðsluheimild Rifóss hf. spurðist Umhverfisstofnun fyrir um skilning Skipulagsstofnunar á úrskurði hennar frá 29. apríl 2009 vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. Spurt var um það hvort að líta mætti svo á að þegar hafi verið fjallað um það eldi sem slík framleiðsluheimild fæli í sér.
 - Í svörum Skipulagsstofnunar kom fram að mengunarálagið verði áþekkt því sem fjallað var um í ákvörðuninni. Meginmálið væri að ekki væri farið yfir 1000 tona framleiðslu.
 - Að fengnu álit Skipulagsstofnunar hefur Umhverfisstofnun ákveðið að verða við tillögu Rifóss hf. og gert breytingar á ákvæði 1.2.

Umhverfisstofnun gerði að eigin frumkvæði nokkrar breytingar á texta starfsleyfisins frá auglýstu tillögunni. Breytingarnar eru að hluta samræming við önnur nýlega útgefin starfsleyfi og auglýstar tillögur.

Sett var inn skýringarákvæði um ábyrgð rekstraraðila ef verktaki er látinn annast verk fyrir hann. Gerðar voru breytingar á grein 1.7 til að tengja ákvæði um breyttar forsendur við umhverfismarkmið í lögum um stjórn vatnamála og til mótvægis voru sambærilegar kröfur felldar niður í grein 2.5. Tekin voru upp ákvæði um að nota eigi upplýsingar úr umhverfisvöktun til hliðsjónar við framkvæmd á flutningi eldiskvía og um þéttleika lífmassa í kví. Ákvæði um olíumál sem ekki voru talin eiga við voru tekin út og einnig ákvæði sem vörðuðu framkvæmdaatriði um varp í hafið, enda ættu skilyrði að koma fram við viðkomandi leyfisveitingu ef af verður. Sett var inn ákvæði um útrásir fráveitu en þar er tekin upp krafa úr reglugerð. Tekið var út ákvæði um eftirlit með eldisbúnaði enda heyrir málefnið undir annað stjórnvald en Umhverfisstofnun. Breytingar voru gerðar á greinum 4.1, 4.4, 4.5 og 4.8 en þar er um að ræða orðalagsbreytingar til samræmis við önnur starfsleyfi.

Vegna þess hversu útgáfa starfsleyfisins hefur dregist eru framlengdir þrír tímabundnir frestir, til að setja upp búnað til að hreinsa frárennsli frá seiðastöð, varðandi fyrrnefnda kröfu um að hætta litun með koparoxíði og um að leggja fram drög að vöktunaráætlun.